

**Nd. 67. Frumvarp til laga [65. mál]**

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 26. nóvember 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

F-liður 8. gr. orðist svo:

Að greiða 1% af vergum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1,16% til landshlutasamtaka sveitarfélaga sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Hér er um þá breytingu að ræða, að framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga hækkar úr 1% tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í 1,16%. Framlagið til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1%, verður óbreytt. Í hvoru tveggja tilvikinu er miðað við vergar tekjur sjóðsins.

Þegar ákvæðið í f-lið 8. gr. laga nr. 8/1972 var lögfest, voru landshlutasamtökin 6 að tölu. Á árinu 1979 kom upp ágreiningur um það, hvort hvert þeirra ætti lögvarinn rétt til þessa framlags óskerts, þ.e. 1/6 hluta af 1%, án tillits til þess hvort því yrði síðar skipt.

Með frumvarpi þessu eru tekin af öll tvímæli um að svo er ekki. Framlög til landshlutasamtakanna eru til þeirra allra, þannig að öll samtökin, sem nú eru t.d. sjö talsins, fá sama stuðning úr Jöfnunarsjóði og er það í samræmi við samþykkt fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. mars 1984.